

Mál nr. 446/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging sveitarfélags.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 8. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. janúar 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að Y, sonur M, hafi slasast í sundlaug X hinn 11. október 2024. Er atvikum máls nánar lýst þannig að Y hafi verið að fara úr rennibrautarturn í átt að tiltekinni rennibraut í sundlauginni. Þegar hann hafi stigið á stéttina fyrir utan turninn hafi hann runnið í hálku með þeim afleiðingum að hann skall í jörðina og slasaðist. Hafi Y verið fluttur á bráðamóttöku þar sem hann hafi verið greindur með sár á höku og kjálkabrot. Myndband af slysinu liggur fyrir í gögnum málsins.

M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart Y. Vill M meina að X hafi sem eigandi/umráðamaður sundlaugarinnar vanrækt að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi gesta. Nefnir M m.a. dóm Landsréttar í máli nr. 488/2020 máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til tiltekinna ákvæða í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. . Með vísan í framangreint byggir M á því að tjón Y verði rakið til saknæms athafnleysi X sem hafi falist í því að hann hafi vanrækt að hálkuverja gönguleiðina að rennibrautinni. Hafi það athafnaleysi falið í sér brot á 2. mgr. 8. gr framangreindrar reglugerðar en þar komi fram að gólfefni skuli uppfylla viðeigandi staðla um hálkuviðnám, nokkuð sem ekki hafi verið raunin. Telur M jafnframt að það hafi verið tiltölulega einfalt fyrir X að koma í veg fyrir tjónið með því t.d. að salta gönguleiðina eða einfaldlega loka rennibrautarturninum. Telur M að meta verði X það til sakar að hafa ekki brugðist við því hættuástandi sem hafi skapast á slysdegi vegna hálkunnar við rennibrautina. Því verði X að bera ábyrgð á afleiðingum þess.

Í athugasemdum V er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á slysi Y. Bendir V í því sambandi m.a. á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi undirlagið þar sem Y datt verið steipt gólfplata. Þá hafi X einnig upplýst að á þeim svæðum við sundlaugina þar sem ekki sé snjóbræðslukerfi séu hálkuvarnir framkvæmdar með því að dreifa salti eftir þörfum. Ef þær ráðstafanir séu taldar ófullnægjandi, að mati starfsmanna X, sé viðkomandi svæði lokað tímabundið. Einnig séu hálkuvarnarskilti staðsett á nokkrum stöðum á útisvæði sundlaugarinnar, t.d. sé eitt fyrir framan hvorn útgang úr klefum, eitt við útgang frá gufu og saunasvæði og eitt miðsvæðis á útisvæði. Er tekið fram að framangreindu verklagi hafi verið fylgt á slysdegi. Þá séu engar upplýsingar í gögnum íþróttamiðstöðvarinnar um að starfsmenn hafi vitað af hálku á því svæði þar sem Y datt áður en slysið átti sér stað, enda sé ljóst samanber framangreint að ef slík vitneskja hefði legið fyrir hefði þurft að salta svæðið eða eftir atvikum loka því. Þá liggi engar skráðar upplýsingar eða slysaskýrslur fyrir um önnur slys vegna hálku á sundlaugarsvæðinu á slysdegi. V telur því með vísan í það sem að framan greinir að X hafi ekki vanrækt skyldur sínar hvað varðar hálkuvarnir umræddan dag. Að mati V verði einnig að horfa til þess að eðli málsins samkvæmt geti bleyta verið á þeim stöðum þar sem sundlaugagestir eru að ganga um eftir að hafa verið ofan í sundlaug eða heitum potti, t.d. í turninum við rennibrautina. Auk þess bendir V á að á myndbandsupptöku af atvikinu megi sjá að Y kemur á mikilli ferð úr turninum. Því telur V að meginorsök þess að Y datt liggi ekki í vanrækslu af hálku X. V telur því ósannað að slys Y sé að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum, heldur hafi verið um að ræða óhappatilvik.

Með viðbótarathugasemdum M er m.a. að finna ljósmynd af umræddri rennibraut sem M byggir á að sýni að hálka hafi verið á gönguleiðinni að henni. Þá er einnig vísað til þess að starfsmaður X hafi upplýst að rennibrautin hefði átt að vera lokað er slysið átti sér stað og að henni hafi verið lokað í kjölfar þess. Þá hafi engin gúmmímotta verið á svæðinu þar sem slysið átti sér stað.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af hálfu M er byggt á því að slys Y megi rekja til þess að X hafi vanrækt hálkuvarnir í aðdraganda slyssins auk sem aðstæður að öðru leyti á slysstaðnum hafi ekki uppfyllt þær öryggiskröfur sem leiði af ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Eins og að framan greinir telur V að starfsmenn X hafi á slysdegi fylgt þeim verkferlum sem giltu um hálkuvarnir. Þá hafi þeim ekki verið kunnugt um það áður en Y slasaðist að óeðlileg hálka kynni að vera til staðar né hafi þeir haft ástæðu til að ætla að sérstök hætta kynni að hafi skapast á slysstað og því borið að bregðast við áður en slysið varð. Gegn eindreginni neitun X telur nefndin að M hafi ekki tekist að sanna að slys Y verði rakið til þess að X eða starfsmenn X hafi vanrækt að tryggja öryggi gesta. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M fyrir hönd Y, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. apríl 2026
rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Anna Lilja Ragnarsdóttir